

Reykjavík 28.09.2022

Umsögn um breytingar á lögum vegna fjárlaga 2023 (Bandorm)

Endurvinnslan hf. hefur sent inn tillögur um breytingar á skila- og umsýsluþóknun til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins frá upphafi lagasetningar laga nr. 52/1989 (um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur). Þær tillögur hafa verið unnar í góðu samstarfi við duglegt og samviskusamt starfsfólk ráðuneytisins nú sem endranær.

Frá þeim tíma sem að skilagjald var síðast hækkað þann 1 mars 2021 áætlum við að verðlag mælt með neyslúvísitölu muni hækka um nálega 15% til áramóta. Það myndi þýða hækkun frá núverandi skilagjaldi 18 ISK á einingu, sem nemur 2,7 ISK á einingu. Samkvæmt tillögum sem Endurvinnslan hf. sendi inn til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins var óskað eftir hækkun á skilagjaldi úr 18 ISK á einingu í 20 ISK á einingu og lækkun á umsýsluþóknun á öllum tegundur um 50 – 70 aura. Var sú tillaga byggð á þeim vilja löggjafans að skilagjald héldi verðgildi sínu og þannig hvata neytenda til skila.

Þó að ákvæði um að ráðherra hækki hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neyslúverðs hafi verið tekið úr lögum við síðustu lagabreytingu árið 2021, kom í greinargerð með frumvarpinu fram að eftir sem áður skuli stefnt á að skilagjaldið haldi verðgildi sínu til að stuðla að hvata fyrir skilum og að Endurvinnslan hf. geri stjórnvöldum áfram grein fyrir þörf á hækkun gjaldsins ef tilefni er til.

Þær skýringar sem að ráðuneytið gaf fyrir því að ekki væri farið að tillögu Endurvinnslunnar hf. var sú að þeir töldu að það yrði að reyna að halda niðri verðbólgu og því ekki svigrúm til að hækka skilagjaldið. Endurvinnslan hf. virðir það sjónarmið ráðuneytisins. Á móti hefur Endurvinnslan hf. bent á að ætli ráðuneytið sér að fresta þessum verðhækkunum, minnki hvati til skila og það byggist upp töluverð hækkunarþörf sem að erfitt verður að leiðrétta síðar nema í nokkrum skrefum. Kemur þar til flækjustig við mikla hækkun gjaldsins og það að slíkt mun eingöngu fresta verðhækkunum ef að fara á að vilja alþingis. Þá hefur Endurvinnslan hf. bent á að þó að vissulega muni hækkun skilagjalds hafa áhif á vísitölu, þá hafi þessi hækkun ekki áhrif á neytendur einnota drykkjarumbúða þar sem að skilagjald er lagt á vöru sem fáist síðan endurgreitt að fullu við skil.

Telur Endurvinnslan hf. rétt að benda Alþingi á það að þó að vissulega séu rök ráðuneytisins gild, þá sé með þessu verið að fara gegn tillögu Endurvinnslunnar hf. og vilja Alþingis um að gjaldið hækki í takt við vísitölu. Með þessu mun hvati til skila minnka þó að erfitt sé að meta í hvað miklum mæli slíkt raungerist.

Kveðja,

Helgi Lárusson

Framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar hf.